

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, í tilefni
viðburðar Siðfræðistofnunar á 75 ára fæðingarafmæli Páls Skúlasonar.**

Haldið í Hátíðasal 4. júní 2020 kl. 16.30

Kæra Auður og fjölskylda góðir gestir.

Ég vil fyrir hönd Háskóla Íslands bjóða ykkur innilega velkomin til þessa viðburðar sem haldinn er af Siðfræðistofnun í tilefni af því að í dag eru liðin 75 ár frá fæðingu Páls Skúlasonar, fyrrverandi rektors Háskóla Íslands og prófessors í heimspeki.

Góðir gestir. Mig langar til að nota þessa stund til að minnast nokkrum orðum á störf Páls Skúlasonar sem rektors Háskóla Íslands. Óhætt er að segja að Páll hafi verið brautryðjandi á þeim vettvangi. Sem rektor setti hann fram fjölmargar afgerandi hugmyndir sem borið hafa ríkulegan ávöxt fram á þennan dag.

Ég vil fyrst nefna að Páll hafði skýra hugsjón um háskóla sem *samfélag*. Hann var ópreytandi að halda þessari hugsjón á lofti í ræðu og riti og birtist hún á áþreifanlegan hátt í hugmynd hans um Háskólatorg – hjarta háskólasvæðisins þangað sem starfsfólk og stúdentar ættu daglegt erindi og hittust til að skiptast á skoðunum og blanda geði. Í fyrstu áttuðu sig ekki allir á nauðsyn slíkrar framkvæmdar og töldu önnur byggingaráform brýnni. Það var hins vegar til marks um framsýni Páls að hann sá fyrir mikilvægi torgsins sem frá fyrsta degi varð miðdepill háskólasamfélagsins.

Páll var einnig meðvitaður um að háskólasamfélagið þarfnaðist skýrrar stefnu og sýnar. Því var það eitt fyrsta verk hans í embætti rektors að

beita sér fyrir móttun heildstæðrar vísinda- og menntastefnu fyrir Háskóla Íslands. Þeirri stefnu fylgdi hann svo eftir með skipulegri framkvæmdaáætlun til nokkurra ára.

Í upphafi rektorstíðar sinnar var Páli tíðrætt um nauðsyn þess að efla Háskóla Íslands sem rannsóknaháskóla og að byggja upp með skipulegum hætti framhaldsnám við skólann sem stæðist ströngustu alþjóðlegu gæðakröfur. Í þessu sem mörgu öðru var Páll á undan samtíð sinni því hann vissi sem var að þótt Háskóli Íslands væri stór á íslenskan mælikvarða væri hann lítill í alþjóðlegu samhengi og því þyrfti að hlúa að honum innanlands til að íslensk þjóð gæti átt verðugan fulltrúa í alþjóðlegu samfélagi vísindanna.

Páll lét ekki sitja við orðin tóm heldur beitti hann sér fyrir virkri þáttöku Háskóla Íslands sem stofnunar í alþjóðlegri samvinnu og samstarfsverkefnum, s.s. á vettvangi Samtaka evrópskra háskóla (EUA) og Norrænu háskólasamtakanna NUS, svo nokkuð sé nefnt.

Páll hafði ennfremur frumkvæði að því að nútímavæða skipulag Háskóla Íslands, s.s. með stofnun háskólafundar (síðar háskólaþings) sem lýðræðislegs samráðsvettvangs alls háskólasamfélagsins og mörkun stefnu og viðmiða um gæði framhaldsnáms. Þá beitti hann sér ötullega fyrir gerð formlegra samstarfssamninga við Landspítalann og aðrar helstu innlendar og erlendar samstarfsstofnanir Háskóla Íslands.

Páll lagði ennfremur ríka áherslu á jafnréttismál, siðferði og að stuðla að virðingu og góðri ásýnd Háskóla Íslands í samfélaginu. Síðast en ekki síst hvatti hann akademíska starfsmenn til að axla samfélagslega ábyrgð með

virðri þátttöku í opinberri umræðu um brennandi málefni líðandi stundar á faglegum grunni. Og þannig mætti áfram lengi telja.

Góðir gestir. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri heldur gef ég fyrirlesara dagsins, Vilhjálm Árnason, prófessor og formanni stjórnar Siðfræðistofnunar, orðið. Þess má að lokum geta að Siðfræðistofnun Háskóla Íslands er enn eitt sporið sem Páll Skúlason markaði í sögu Háskóla Íslands, en það var einmitt hann sem ásamt samstarfsmönnum sínum setti stofnunina á laggirnar árið 1989 og gegndi hann starfi formanns stjórnar þar til hann var kjörinn rektor árið 1997.

Vilhjámur, gjörðu svo vel.